

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP




Janúar 2025

Alþingiskosningar

Margir ákváðu sig seint

Nær 28% kjósenda ákváðu endanlega á kjördag að kjósa það sem þeir kusu í nýafstöðnum alþingiskosningum. Það hlutfall er með því hæsta sem hefur mælst í undanförunum alþingiskosningum.

Hvenær ákvaðstu endanlega að kjósa það sem þú kaust?




Yngra fólk ákvað sig almennt heldur seinna en eldra fólk. Fólk með meiri menntun en minni var einnig aðeins líkleggra til að ákveða sig seinna. Einnig var munur eftir fjölskyldutekjum og því hvað fólk kaús. Kjósendur Miðflokksins voru líklegastir til að ákveða sig meira en mánuði áður en þeir kusu á meðan kjósendur Framsóknarflokksins voru líklegri en kjósendur annarra flokka til að ákveða sig á kjörstað.


Greiningar




Aldur *




Menntun *



Fjölskyldutekjur *



Hvað kaust þú? *



* Marktækur munur

Sumir kusu af kænsku

Nær 8% kjósenda kusu annan flokk en þann sem þeim leist best á, t.d. út frá niðurstöðum kannana. Til samanburðar var sambærilegt hlutfall nær 13% í síðustu forsetakosningum, þ.e. hlutfall þeirra sem kusu annan frambjóðanda en þau vildu helst sjá sem forseta Íslands, sem þau töldu eiga meiri möguleika á að ná kjöri.


Kaustu þann flokk sem þér leist best á eða kaustu annan flokk, t.d. út frá niðurstöðum kannana?



Það voru helst kjósendur Flokks fólksins sem kusu annan flokk en þann sem þeim leist best á og þar á eftir kjósendur Samfylkingarinnar.

Greiningar

Hvað kaust þú? *



* Marktækur munur

■ Ég kaus þann flokk sem mér leist best á ■ Ég kaus annan flokk en þann sem mér leist best á

Af þeim sextíu svarendum sem sögðust hafa kosið annan flokk en þann sem þeim leist best á leist flestum best á Sjálfstæðisflokkinn, næstflestum á Pírata og Miðflokkinn og þriðja flestum á Viðreisn og Sósiálistaflokk Íslands.

Spurt var:

- Hvenær ákvaðstu endanlega að kjósa það sem þú kaust?
- Kaustu þann flokk sem þér leist best á eða kaustu annan flokk, t.d. út frá niðurstöðum kannana?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 5. til 12. desember 2024. Heildarúrtaksstærð var 1.726 og þátttökuhlutfall var 47,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.